

03/03/2020

Viðbragðsáætlun Leikskólans Hvamms vegna COVID-19

Grunnskilaboð okkar eru:

Þvo hendur, forðast beina snertingu og að heilsast með handbandi, hlusta á ráð sérfræðinga, vera róleg og fara eftir leiðbeiningum um bætt hreinlæti og breytta hegðun.

- Starfsfólk er hvatt til að fylgjast vel með fréttum og **fara að** leiðbeiningum Landlæknisembættisins og yfirvalda.
- Forðist að heilsast með handabandi, faðmlagi eða beinum snertingum.
- Mikilvægt er að starfsmenn þvoi og spritti hendur reglulega yfir daginn, nú eru komnir sótthreinsibrúsar inn á öll vinnusvæði.
- Starfsfólk er beðið að sækja nýja brúsa ef þeir tæmast og láta vita ef birgðir eru að klárast.
- **Ræðum ekki COVID-19 inni á deildum.**
- Skipta út handklæðum fyrir pappír fyrir börnin þar sem það á við.
- Muna eftir að þvo hendur og spritta áður en tölvuvinna hefst. Sótthreinsibrúsar verða á öllum vinnusvæðum við tölvur. Tölvur sem fleiri nota þarf að hreinsa með spritti, bæði lyklaboð og mús fyrir notkun.
- Ef foreldrar eru óöruggir og hafa spurningar sem snúa að COVID-19, bendið þeim á að hringja í **símanúmerið 1700** og skoða heimasíðu landlæknis.
- Við tryggjum nægar birgðir af spritti til að hafa á stöðum eins og á salernum, eldhúsi og fundarherbergjum.
- Mikilvægt er að við tökum höndum saman og fylgjum þessum áherslum. Þannig minnkum við líkur á smiti sem mögulega getur haft áhrif á heilsu okkar og rekstur fyrirtækisins. Ástandið er síbreytilegt og við munum senda ykkur frekari upplýsingar og leiðbeiningar eftir þörfum næstu daga.

Áfallateymi leikskólans Hvamms
Ásta María, Þóra og Ingveldur